

Ed. 212. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

10. gr. hljóði svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. lögum um tekju- og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 580 á hvern gjaldanda árið 1985. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegin gjaldinu, svo og þeir, sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 115 500. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar fjárhæðir skulu breytast árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu gjaldsins skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á næstu 3 ár, 1985—1987.
2. Frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs innheimtuársins skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi áætlaðra tekna sjóðsins skv. þessari grein.

2. gr.

11. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins annast samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sbr. 3. gr. og 5. tl. 4. gr. Er samstarfsnefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis, taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

3. gr.

12. gr. hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu þjónustuíbúða og verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða.
2. Að styrkja byggingu dvalarheimila fyrir aldraða.
3. Að styrkja byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum einkaaðila.

4. Að styrkja breytingar og endurbætur á dvalarstofnunum aldraðra, sem nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
5. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn mælir með og ráðherra samþykkir.

Sjóðstjórn er heimilt að verja 30% tekna Framkvæmdasjóðs aldraðra árlega til styrktar byggingu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Styrkurinn skal við uppgjör dragast frá heildarbyggingarkostnaði.

4. gr.

13. gr. hljóði svo:

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1981 var stofnaður með lögum Framkvæmdasjóður aldraðra (lög nr. 49/1981). Hlutverk hans var að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

Frá gildistöku laganna um Framkvæmdasjóð aldraðra hafa ýmsar breytingar verið gerðar á ákvæðum þeirra. Hin fyrsta var gerð haustið 1981 til leiðréttingar augljósra annmarka á lagasetningunni. Auk þess var sjóðnum þá fengið það verkefni að standa straum af 85% framlögum, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, til byggingar hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum sveitarfélaga, enda kæmi í sjóðinn beint framlag af fjárlögum til viðbótar tekjunum af nefskattinum.

Við samningu frumvarps til laga um málefni aldraðra voru ákvæðin um Framkvæmdasjóðinn felld inn í frumvarpið. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var sú breyting gerð á ákvæðum um hlutverk sjóðsins vegna 85% framlaganna, að úr ríkissjóði þyrfti að koma til sjóðsins jafnhátt framlag og sjóðurinn greiddi til 85% verkefna sveitarfélaga. Í raun þýddi þetta að tekjum sjóðsins af nefskattinum ætti eingöngu að verja til byggingar íbúða og dvalarheimila, auk hjúkrunarrýmis á vegum einkaaðila.

Haustið 1983 var enn samþykkt breyting á ákvæðunum um Framkvæmdasjóðinn þar sem heimilað var að greiða af nefskattinum, til byggingar 85% verkefna, jafnháa upphæð og ríkissjóður greiddi til sjóðsins. Við umræðu á Alþingi um þessa lagabreytingu gaf heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, þá yfirlýsingu að skipuð yrði nefnd til að endurskoða þau ákvæði laganna um málefni aldraðra, sem snertu Framkvæmdasjóð aldraðra.

Þann 8. ágúst 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þriggja manna nefnd, sem fékk það hlutverk að endurskoða II. kafla, um Framkvæmdasjóð aldraðra, í lögum nr. 91/1982, sbr. breyting á þeim lögum nr. 83/1983.

Í nefndina voru skipuð: Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Guðmundur Bjarnason, alþingismaður og Halldór Blöndal, alþingismaður.

Nefndin kom fyrst saman í byrjun september 1984 og hefur samið lagafrumvarp það um breytingar á lögum um málefni aldraðra, sem hér er lagt fram.

Á núverandi fyrirkomulagi við úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra er sá annmarki helstur að öll langtímaáætlanagerð hefur verið óframkvæmanleg vegna sífelldra breytinga á lagaákvæðum um sjóðinn. Aldrei hefur legið ljóst fyrir, fyrr en við samþykkt fjárlaga hverju sinni, hvaða fjármuni sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar. Þannig hefur t. d. enn ekki verið unnt að vinna 5 ára áætlun um framkvæmdir, í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, eins og lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir.

Þá hefur og verið gagnrýnt hvað fjárveitinganefnd og Alþingi hafa getað haft lítil áhrif á til hvaða hjúkrunarrýmisverkefna á vegum sveitarfélaga sjóðurinn veitir framlög. Það hefur hverju sinni verið háð vilja heilbrigðisráðherra, hvort samráð um þetta atriði hefur verið haft við fjárveitingavaldið, þar sem lög um málefni aldraðra gera ráð fyrir að heilbrigðisráðherra úthluti ráðstöfunarfé sjóðsins, skv. tillögum samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

Með þeim breytingartillögum, sem hér eru lagðar fram er fyrst og fremst stefnt að eftirfarandi:

1. Að koma festu á starfsemi Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að þeir, sem þangað hyggjast sækja fjármuni, geti vitað hvers þeir megi vænta.
2. Að færa fjármögnun hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga að nýju til fjárveitinganefndar enda verði tekjur af nefskattinum einu tekjur sjóðsins. Þó er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra geti ráðstafað 30% tekna sinna í þágu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd, taki sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra þegar hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð grundvallarbreyting á tekjustofnum Framkvæmdasjóðs aldraðra. Gert er ráð fyrir að einu tekjur hans verði sérstaki skatturinn, sem er ákveðinn 580 kr. árið 1985, auk frjálsra framlaga og vaxtatekna. Upphæð skattsins hefur verið hækkuð í samræmi við skattvísitölu milli ára. Sama gildir um hækkun skattleysismarksins, sem verður nú kr. 115 500. Þá er og gert ráð fyrir að nefskatturinn verði ekki innheimtur nema næstu 3 ár, í samræmi við upphafleg loforð við setningu hans.

Í 2. mgr. felst að fest er nánar hvenær fjármálaráðuneytið skuli standa Framkvæmdasjóði aldraðra skil á tekjum sínum, þ. e. í miðmánuði hvers ársfjórðungs.

Um 2. gr.

Ákvæðið er óbreytt a. ö. l. en því að fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis, skuli taka sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra, er hún fjallar um málefni Framkvæmdasjóðsins.

Um 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er hér skilgreint, þ. e. að styrkja byggingu þjónustubúða fyrir aldraða, verndaðra þjónustubúða fyrir aldraða, dvalarheimila fyrir aldraða og byggingu einstaklinga eða sjálfseignarstofnana á hjúkrunarrými fyrir aldraða. Einnig er gert ráð fyrir að sjóðurinn styrki framkvæmdir við breytingar á eldri dvalarstofnunum fyrir aldraða.

Þá er og sett inn það heimildarákvæði að Framkvæmdasjóður aldraðra geti varið 30% tekna sinna í þágu hjúkrunarrýmis aldraðra á vegum sveitarfélaga, þ. e. svokallaðra 85% framkvæmda. Hins vegar er ákveðið að sá styrkur, sem Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir til verkefna af þessu tagi, komi báðum aðilum til góða, þ. e. dragist við uppgjör frá heildarbyggingarkostnaði. Þetta þykir eðlilegt með hliðsjón af því að þarna er verið að verja skatttekjum af sérstökum nefskatti til verkefna, sem ríkissjóði ber að annast 85% fjármögnun á.

Þess má geta, að samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur nú til endurskoðunar nógildandi reglur um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Er stefnt að því að setja nýjar úthlutunarreglur fyrir áramót. Gert er ráð fyrir að hinar nýju úthlutunarreglur samrýmist betur en áður lánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins til verkefna af sama tagi, auk þess sem leitast verður við að reglurnar hvetji til hagkvæmni í byggingum og byggingarkostnaði.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Íbúar 67 ára og eldri 1.12.1983.

	Karlar	Konur	Samtals	Alls	%
Reykjavík	3882	5937	9819	87106	11.3
Vesturland	588	621	1209	15089	8.0
Vestfirðir	408	416	824	10414	7.9
Norðurland vestra	516	541	1057	10699	9.9
Norðurland eystra	1073	1271	2344	26160	9.0
Austurland	514	511	1025	13120	7.8
Suðurland	880	812	1692	10072	8.4
Reykjanes	1290	1545	2835	55201	5.1
Samtals	9151	11654	20805	237861	8.7

Fylgiskjal II.

Vistrými fyrir aldraða 1. janúar 1974 og 1984.

	1974		1984	
	Vistrými	Hjúkr.rými	Vistrými	Hjúkr.rými
Elliheimilið Grund	59	302	125	196
DAS, Reykjavík	292	143	237	149
Droplaugarstaðir			36	32
Hvítabandið				19
B-álma				29
Heilsuverndarstöðin				30
Hafnarbúðir				25
Hátún 10b				66
Akranes	17		44	
Borgarnes			60	
Stykkishólmur			25	
Búðardalur (Fellsendi)	15			16
Flateyri			7	
Ísafjörður	18		20	
Blönduós	27		15—20	
Siglufjörður	3		10	
Dalvík			43	
Ólafsfjörður			17	
Hlíð, Akureyri	77		109	
Skjaldarvík, Akureyri	80		75	
Sel, Akureyri				20
Kristnes		78		69
Húsavík			43	
Eskifjörður			8	
Neskaupstaður	10			10
Höfn, Hornafirði			20	20
Kirkjubæjarklaustur			6	
Vík í Mýrdal			4	
Hella			24	
Vestmannaeyjar			42	
Stokkseyri			28	14
Hveragerði	180		190	
Keflavík	18		17	
Garður			22	
DAS, Hafnarfirði			87	88
Sólvangur		108		106
Kópavogur				38
Samtals	796	631	1319	927

Íbúðir fyrir aldraða eru á eftirtöldum stöðum:

Reykjavík, Akranesi, Ísafirði, Hvammstanga, Blönduósi, Þórshöfn, Vopnafirði, Neskaupstað, Vík í Mýrdal, Flúðum, Aratungu, Selfossi.

Fylgiskjal III.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra 1981—1984. (í milljónum króna)

	1981	1982	1983	1984	Samtals
Framlag ríkissjóðs	0	11,0	11,6	15,0	37,5
Heildarálagning sérstaka gjaldsins	10,1	18,3	30,8	47,7	106,9
Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra af sérstaka gjaldinu	7,2	15,6	28,4	46,0	97,2
Samtals ráðstöfunarfé	7,2	26,6	40,0	61,0	134,8

Eins og yfirlit þetta ber með sér, hefur Framkvæmdasjóður aldraðra ekki fengið nema hluta álagningar sérstaka gjaldsins til ráðstöfunar. Jafnframt kemur í ljós, er yfirlit þetta er borið saman við skiptingu framlaga úr sjóðnum 1981—1984 (fylgiskjal IV), að árið 1982 var úthlutað talsvert hærri fjárhæð en sjóðurinn fékk til ráðstöfunar það ár. Af þeim sökum var árið 1984 ákveðið að reyna að gera upp allar eldri skuldir sjóðsins, tæplega 5 m. kr. og úthlutun miðuð við það.

Fylgiskjal IV.

Skipting framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1981—1984 eftir umdæmum. (í milljónum króna)

	1981	1982	1983	1984	Samtals
Reykjavík	3,0 (42%)	18,0 (56%)	22,0 (55%)	24,8 (46%)	67,9 (50,7%)
Vesturland	—	0,6 (2%)	1,5 (4%)	2,2 (4%)	4,3 (3,2%)
Vestfirðir	—	—	1,0 (2%)	1,6 (3%)	2,6 (1,9%)
Norðurland vestra	—	2,2 (7%)	3,6 (9%)	5,8 (11%)	11,6 (8,7%)
Norðurland eystra	—	3,5 (11%)	1,3 (3%)	5,0 (9%)	9,8 (7,3%)
Austurland	0,72 (10%)	1,45 (4%)	3,9 (10%)	5,1 (9%)	11,17 (8,4%)
Suðurland	—	0,5 (2%)	2,4 (6%)	4,4 (8%)	7,3 (5,5%)
Reykjanes	3,457 (48%)	5,85 (18%)	4,3 (11%)	5,5 (10%)	19,125 (14,3%)
Samtals:	7,195	32,1	40,0	54,4	133,695

Fylgiskjal V.

**Úthlutun
úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1981—1984.
(í milljónum kr.)**

	1981	1982	1983	1984	Samtals
Reykjavík, B-álma	3,0	18,0	22,0	19,0	62,0
Reykjavík, Seljahlið	—	—	—	1,3	1,3
Reykjavík, Droplaugarstaðir	—	—	—	2,0	2,0
Reykjavík, DAS	—	—	—	2,5	2,5
Akranes (dvalarheimili)	—	—	—	0,5	0,5
Borgarnes (dvalarheimili)	—	0,3	0,5	0,5	1,3
Stykkishólmur (dvalarheimili)	—	0,3	0,3	—	0,6
Ólafsvík (íbúðir)	—	—	0,2	0,2	0,4
Búðardalur (dvalarheimili)	—	—	0,5	1,0	1,5
Reykhólar (íbúðir)	—	—	0,3	0,5	0,8
Ísafjörður (íbúðir)	—	—	0,7	1,1	1,8
Hvammstangi (íbúðir)	—	—	0,3	0,5	0,8
Skagaströnd (dvalarheimili)	—	—	0,2	0,3	0,5
Sauðárkrókur (dvalar- og hjúkrunarheimili)	—	2,2	3,0	4,0	9,2
Siglufjörður (dvalarheimili)	—	—	0,1	1,0	1,1
Ólafsfjörður (dvalarheimili)	—	0,5	—	—	0,5
Dalvík (dvalarheimili)	—	1,0	—	0,75	1,75
Akureyri (hjúkrunardeild)	—	1,0	—	—	1,0
Akureyri (dvalarheimili)	—	—	—	3,5	3,5
Húsavík (dvalarheimili)	—	1,0	1,0	0,75	2,75
Egilsstaðir (dvalar- og hjúkrunarheimili) ..	—	1,0	1,7	2,4	5,1
Vopnafjörður (íbúðir)	—	—	0,2	0,4	0,6
Vopnafjörður (hjúkrunardeild)	0,32	0,1	0,8	1,0	2,22
Neskaupstaður (íbúðir)	—	—	0,7	0,5	1,2
Fáskrúðsfjörður (dvalarheimili)	—	—	—	0,3	0,3
Höfn (dvalarheimili)	0,4	—	0,3	0,4	1,1
Höfn (hjúkrunardeild)	—	0,35	0,2	0,1	0,65
Kirkjubæjarklaustur (íbúðir)	—	—	0,2	—	0,2
Biskupstungnahreppur (íbúðir)	—	—	0,2	—	0,2
Hrunamannahreppur (íbúðir)	—	—	0,2	—	0,2
Vík í Mýrdal (íbúðir)	—	—	0,3	—	0,3
Hella (hjúkrunardeild)	—	0,5	1,1	2,0	3,6
Selfoss (íbúðir)	—	—	0,4	—	0,4
Selfoss (hjúkrunardeild)	—	—	—	1,4	1,4
Stokkseyri (hjúkrunardeild)	—	—	—	1,0	1,0
Garður (dvalarheimili)	—	0,5	0,6	0,8	1,9
Keflavík (íbúðir)	—	—	0,2	0,2	0,4
Hafnarfjörður (DAS)	1,975	4,0	1,2	2,5	9,675
Hafnarfjörður (Sólvangur)	—	0,35	1,8	2,0	4,15
Kópavogur (hjúkrunarheimili)	1,5	1,0	0,5	—	3,0
Samtals:	7,195	32,1	40,0	54,4	133,695